



40. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 10. desember 2013, kl. 17:00

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 40. fundar þriðjudaginn 10. desember 2013 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Stefanía Garðarsdóttir. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

- 1) **Viðauki við fjárhagsáætlun 2013**
- 2) **Fjárhagsáætlun 2014 – síðari umræða**
- 3) **Þriggja ára fjárhagsáætlun 2015-2017 – síðari umræða**
- 4) **Byggðasamlag um málefni fatlaðra**
- 5) **Fundargerðir:**
 - a) **Bæjarráð frá 28. nóvember 2013**
 - b) **Bæjarráð frá 5. desember 2013**

Afgreiðslur:

1. **Viðauki við fjárhagsáætlun 2013**
Lagður var fram og kynntur viðauki við fjárhagsáætlun fyrir árið 2013. Í viðaukanum kemur fram sundurliðun á breytingum rekstrar innan einstakra málaflokka.

Helstu breytingar innan ársins eru eftirfarandi:

- *Framlög jöfnunarsjóðs hækka sem nema 12.5 m.kr.*
- *Staðgreiðsla hækkar um 5.4 m.kr.*
- *Fjárfestingar hækka úr 16 m.kr. í 22.9 m.kr.*

Samkvæmt framlögðum viðauka eru breytingar á tekjum umfram gjöld 24. m. kr. og komi til hækkunar á handbæru fé í árslok.

Bæjarstjórn samþykkir viðaukann með 4 atkvæðum 3 sitja hjá.

Fulltrúar S-listans lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar S-lista benda á að samkvæmt gildandi sveitastjórnarlögum er óheimilt



að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka. Viðauki er ekki gildur nema hann feli í sér ákvörðun um hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun verði mætt. Ljóst er að ekki hefur verið farið eftir lagabókstafnum hjá Blönduósbæ og sjáum við okkur ekki fært að samþykka framlögð gögn undir þessum lið. Oddný Gunnarsdóttir, Þórdís Hauksdóttir, Hörður Ríkharðsson.

Forseti bað um fundarhlé.

Fulltrúar L – listans lögðu fram eftirfarandi bókun:

Bæjarfulltrúar L-listans benda á að breytingar innan ársins hafa verið kynntar og samþykktar samhljóða í bæjarráði og eru dregnar saman í þessum viðauka. Niðurstaða breytinganna voru fjármagnaðar með handbæru fé og er hækkun tekna um 24. milljónir frá upphaflegri fjárhagsáætlun.

2. Fjárhagsáætlun 2014 – síðari umræða

Lögð fram fjárhagsáætlun 2014 til síðari umræðu. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri, stiklaði á stóru í stefnuræðu sinni sem lögð var fram á fundinum. Miklar umræður urðu um áætlunina. Forseti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun:

„ Fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2014 var unnin af bæjarráði í góðri samvinnu meiri- og minnihluta. Tekjur vaxa um rúmar 28 milljónir frá upphaflegri fjárhagsáætlun 2013 en gjöld um 8 milljónir. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um tæpar 62 milljónir en var áætluð 2013 um 39 milljónir. Framlegð frá rekstri er áætluð um 14% sem sýnir að reksturinn er í góðu horfi og veltufé frá rekstri vex á milli ára og verður um 12%. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að skuldir samstæðunnar haldi áfram að lækka og að heildaskuldir verði um 142% af tekjum í árslok 2014. Stefnt er að sölu einnar íbúðar sveitarfélagið á 32 íbúðir.

Þá eru lagðir fjármunir til viðhalds og kaupa á búnaði í öllum deildum. Fjárfestingar vaxa á milli ára og er veitt meiri fjármunum til fjárfestinga í langtímaáætlun 2015-2017 en mest af framkvæmdafé ársins 2014 fer í endurgerð á hluta af Aðalgötu sem kosta um 7,7 milljónir króna og til viðhalds fasteigna.

Ekki eru hækkaðar gjaldskrár leikskóla, skóladagheimilis eða skólamáltíða og er með því verið að draga úr vægi kostnaðarhækkanna og vill sveitarfélagið með því móti leggja sitt af mörkum til að draga úr verðbólgu á Íslandi.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar er áætluð jákvæð um 9,7 milljónir króna.

Bæjarstjórn vill þakka bæjarráði og starfsmönnum Blönduósbæjar fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki fjárhagsáætlunna. Bæjarstjórn hefur átt gott samstarf við alla aðila við vinnu og þeirri stefnumörkun sem felst í fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2014.“

Hörður Ríkharðsson bað um fundarhlé.

Álagning fasteignaskatts:

A-hluti fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,46% af hús- og lóðarmati.

A-hluti fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,46% af hús- og lóðarmati.



B-hluti fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

C-hluti fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,60% af hús- og lóðarmati.

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,30% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

Fráveitugjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

Lóðarleiga fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 0,6 kr. á fm að lágmarki 8.000 kr.

Sorpgjöld:

Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 19.400,-
Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 19.400,-
Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 19.400,-

Útsvar: Útsvarshlutfall 14,52%

„Bæjarstjórn samþykkir, með fyrirvara um að lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt á Alþingi fyrir 31. desember, að útsvar á árinu 2014 skuli nema 14,52%. Gangi fyrirhugaðar lagabreytingar ekki í gegn skal útsvar á árinu 2014 nema 14,48% af tekjum.“

Að þessu loknu var fjárhagsáætlun 2014 og gjaldskrá bæjarins borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

3. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2015-2017 – síðari umræða

Lögð var fram 3ja ára fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árin 2015-2017. Síðari umræða. Að umræðum loknum var áætlunin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

4. Byggðasamlag um málefni fatlaðra

Forseti lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Bæjarstjórn samþykkir að gerast aðili að byggðasamlagi um málefni fatlaðs fólks á grundvelli 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Aðilar að byggðasamlaginu eru: Akrahreppur, Blönduósbær, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd. Miðað er



við að stofnfundur byggðasamlagsins verði haldinn fyrir lok janúar 2014. Sveitarstjórn veitir Arnari Þór Sævarssyni umboð til þess að sækja stofnfundinn og staðfesta aðild sveitarfélagsins með undirritun samþykktu sem eru stofnskjal byggðasamlagsins, skv. 94. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Umboðið nær einnig til áritunar stofnefnahags, með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða á því skjali.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. Fundargerðir:

a) Bæjarráð frá 28. nóvember 2013

Fundargerðin er í 12 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina og að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

b) Bæjarráð frá 5. desember 2013

Fundargerðin er í 3 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 20.00

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Stefanía Garðarsdóttir, ritari (sign.)